

Fundargerð FFGÍR

Fundur haldinn í Fjölbrotaskóla Suðurnesja þriðjudaginn 12.febrúar 2013 kl.17:15 til 18:15.

Mættar voru: Linda Birgisdóttir, Myllubakkaskóla, Sigurrós Friðbjarnardóttir, Akurskóla, Jóna Guðrún Jónsdóttir, Akurskóla, Sigurborg Magnúsdóttir, Holtaskóla, Þórey Óladóttir, Myllubakkaskóla og Ásta Einarsdóttir, Njarðvíkurskóla. Ingigerður Sæmundsdóttir, ritaði fundargerð og stjórnaði fundi.

1.mál Foreldradagur 16.febrúar kl.11 til 13 og forvarnafræðsla gegn kynferðislegu ofbeldi 20.febrúar. Fréttatilkygningar á facebook, í Víkurfréttir, í tölvupóst gegnum moodle, mikilvægt að upplýsingar um erindin berist til foreldra. Leiðinlegt ef þetta fer fram hjá fólki sem hefur áhuga á að koma á þessar upptökur á vegum FFGÍR.

2.mál Fórum yfir upplýsingar á heimasíðum grunnskólanna varðandi skólaráð.

Akurskóli er með nýja heimasíðu. Þar eru upplýsingar um skólaráðsfulltrúa, netföng og fundargerðir skólaráðs <http://akurskoli.is/nefndir-og-rad/skolarad> .

Á vef **Myllubakkaskóla** eru nöfn skólaráðsfulltrúa en hvorki netföng né hvaðan fulltrúarnir koma, þ.e. kennarar, foreldrar etc., fundargerðir skólaráðs eru á vefnum (<http://myllubakkaskoli.is/Skolinn/Skolarad---fundagerdir/> .

Á vef **Njarðvíkurskóla** eru allar upplýsingar um skólaráðsfulltrúa og allar fundargerðir skólaráðsins <http://njardevkurskoli.is/Um-skolann/Skolarad/Fundagerdir/> .

Á vef **Holtaskóla** vantar fundargerðir og upplýsingar um aðra fulltrúa en fulltrúa foreldra <http://holtaskoli.is/Foreldrar/Skolarad/>. (athuga hvort fundarg. séu vel faldar á heimasíðunni). Sigurborg formaður FFH, athugar málið.

Á vef **Heiðarskóla** eru nýjustu fundargerðir og upplýsingar um fulltrúa í skólaráði en vantar netföng fulltrúanna http://heidarskoli.is/top/Nefndir_og_rad/Skolarad/. Það vekur athygli að einn fulltrúi foreldra er í skólaráði Heiðarskóla skv. heimasíðunni. Þarna er kannski pláss fyrir einn fulltrúa foreldra í viðbót. Athuga það.

3.mál Hvað er að fréttu úr starfi foreldrafélaganna?

Akurskóli

Logi Geirsson verður með erindi fyrir allan skólann og foreldra 25.febrúar á vegum FFA. Ég og þú, þú og ég, verkefnið, verður eftir tvær vikur fyrir 4.-7.bekk. Mesta vinnan á höndum stjórnar að halda utan um smíðjur. Foreldrar og börn mæta saman í smíðju og eiga góða stundir. Boðið verður upp á margt fjölbreytt. Nánar á heimasíðu FFA og á facebook þegar nær dregur.

Jóna Guðrún, formaður sagði marga góða gesti koma í Akurskóla á skólaárinu bæði rithöfundar o.fl. á vegum skólans en ekki aðeins foreldrafélagsins. Ýmsar hugmyndir eru varðandi vorhátíð eða vorlok sem foreldrafélagið er að skoða.

Myllubakkaskóli

FFM fundaði með stjórnendum og ákveðið var að taka upp foreldrasamningana í haust og kynna þá á sameiginlegum fundi með foreldrum. Nýverið lauk könnun á vegum skólans um tómskundaiðkun nemenda í skólanum. Rætt um hvernig og hvort hægt væri að kynna tómskundastarf betur í skólum.

Njarðvíkurskóli

Sigga Dögg kynfræðingur hitti nemendur í 9. og 10.bekk og spjallaði við þau um kynhegðun og kynheilbrigði. Um kvöldið hitti hún foreldra og síðan lauk fræðslunni með því að nemendur komu á fundinn með foreldrunum. Þetta var í boði FFN í samráði við stjórnendur Njarðvíkurskóla. Næsti stjórnarfundur FFN er einnig með bekkjarfulltrúum þar sem farið verður yfir starf vetrarins og það sem framundan er.

Holtaskóli

Þorgrímur Þráinsson kemur 25.febrúar á vegum FFH og hitt nemendur í Holtaskóla á miðstigi. Hann fjallar um lífið og tilveruna á jákvæðum nótum. Þorgrímur Þráinsson nær vel til nemenda og er börnunum góð fyrirmynd.

Allir skólar sýndu myndina Fáðu já, en mismunandi hvaða aldurshópar horfðu á hana. <http://faduja.is> . FFGÍR hvetur foreldra til að kynna sér efni myndarinnar.

4. Önnur mál

Forfallakennsla í skólum. Foreldrar hafa áhyggjur af skertri kennslu þegar forfallakennsla er engin eins og tíðkast í unglingsdeildum. Foreldrar krefjast þess að nemendur fá þá kennslu sem lögbundin er og að brugðist verði við forföllum í unglingsdeild sem og öðrum deildum.

Rætt um þegar verið væri að „vandamálavæða“. Verum á jákvæðum og uppbyggilegum nótum í skólasamfélaginu. Mikilvægt að skólastjórnendur vandi valið þegar kemur að því að kaupa fræðsluerindi af einstaklingum sem vilja ná til barnanna með misjöfn erindi.

Rætt um markaðsvæðingu sem kemur í skólann sem kynning eða tilboð og endar í persónulegum skilaboðum á facebooksíðum ófjárráða og ólöggráða nemenda, barna. Hvaða stefnu hafa skólarnir í varðandi kynningar á íþrótt-, tómskundastarfi og/eða einkaaðilum sem selja ýmis námskeið. Hvar er hægt að draga mörkin. Er eðlilegt að einstaklingar og fyrirtæki fái nafnalista í skólum og aðgang að börnum til að selja sína vöru og eða þjónustu?